
I	EES-STOFNANIR	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	ESB-STOFNANIR	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/28/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9793 – Permira/Sneakers Maker) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2020/EES/28/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9797 – AUNDE Group/Toyota Boshoku/TB Kawashima Automotive Textile (India) JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2020/EES/28/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9814 – Firmenich/Les Dérivés Résiniques et Terpéniques) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2020/EES/28/04	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9614 – OBB-TS/LTE)	4
2020/EES/28/05	Birting skv. 3. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita, fella niður tímabundið eða afturkalla flugrekstrarleyfi	5
2020/EES/28/06	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. janúar 2020 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (mál AT.40433 – Film merchandise)	6
2020/EES/28/07	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	7

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/28/01

(mál M.9793 – Permira/Sneakers Maker)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. apríl 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Permira Holdings Limited („Permira“, Ermarsundseyjum).
- Sneakers Maker S.p.A. („Sneakers Maker“, Ítalíu).

Permira nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Sneakers Maker.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Permira: fyrirtæki sem fjárfestir í eignarhlutum í óskráðum fyrirtækjum og veitir ýmsum fjárfestingarsjóðum fjárfestingastýringarþjónustu. Permira stjórnar fjölda félaga í eignasafni sem eru með starfsemi á ýmsum sviðum, m.a. með skófatnað og fatnað eins og t.d. Dr Martens og Reformation.
- Sneakers Maker: eignarhaldsfélag sem á allt hlutafé í Golden Goose S.p.A., sem annast framleiðslu og afhendingu á lúxusskófatnaði og fatnaði.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 148, 5.5.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9793 – Permira/Sneakers Maker

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/28/02

(mál M.9797 – AUNDE Group/Toyota Boshoku/TB Kawashima Automotive Textile (India) JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. apríl 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- AUNDE Achter & Ebels GmbH (Þýskalandi), sem tilheyrir AUNDE Group SE („AUNDE“, Þýskalandi).
- TB Kawashima Co. Ltd. („TBK“, Japan), sem lýtur yfirráðum Toyota Boshoku Corporation („TB“, Japan).
- TB Kawashima Automotive Textile (Indlandi) Private Ltd. („andlagið“, Indlandi).

AUNDE og TB ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir fyrirtækinu sem er andlag viðskiptanna. Fyrir viðskiptin lýtur andlagið yfirráðum TB í heild í gegnum TBK.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- AUNDE Achter & Ebels GmbH: þróun og framleiðsla á vörum fyrir ökutæki, m.a. garni, efnum með tæknilega eiginleika, textíl og leðuráklæði. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki Aunde sem leggur áherslu á þróun og framleiðslu, m.a. á garni, efni með tæknilega eiginleika, sætisáklæði og svamphlutum fyrir ökutækjaiðnaðinn undir merkjum AUNDE, ISRINGHAUSEN og FEHRER fyrir frumframleiðendur og afhendingaraðila í ökutækjaiðnaðinum í Evrópu og um heim allan.
- TBK: þróun, framleiðsla og afhending á ýmsum gerðum textílefna fyrir ökutæki, og efna sem notuð eru í klæðningar að innanverðu, einkum í Asíu. Um er að ræða dótturfyrirtæki TB, sem er japanskur framleiðandi á íhlutum í ökutæki, sem leggur áherslu á farþegasæti, sæti í lestarvagna og loftför, auk sætisíhluta og annarra ökutækjaíhluta fyrir klæðningar að innan- og utanverðu.
- JV (andlagið): framleiðsla og dreifing á textílefnum fyrir klæðningar og efni til nota að innanverðu fyrir ökutækjaiðnaðinn á Indlandi og í nágrannalöndum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 152, 7.5.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9797 – AUNDE Group/Toyota Boshoku/TB Kawashima Automotive Textile (India) JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/28/03****(mál M.9814 – Firmenich/Les Dérivés Résiniques et Terpéniques)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. apríl 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Firmenich Group („Firmenich“, Sviss).
- Dérivés Résiniques et Terpéniques, SA („DRT“, Frakklandi).

Firmenich nær yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir DRT.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Firmenich: sérhæfing í framleiðslu á og verslun með ilmefni, bragðefni og lyktarefni.
- DRT: fæst einkum við framleiðslu á og verslun með furukvoðu, furuterpentinu og furuterpen. Sumar vörur DRT eru notaðar sem lyktarefni við framleiðslu á ilmefnum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 152, 7.5.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9814 – Firmenich/Les Derives Resiniques et Terpeniques

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbreffi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9614 – OBB-TS/LTE)

2020/EES/28/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. apríl 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9614. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Birting skv. 3. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 2020/EES/28/05
um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu á ákvörðunum
aðildarríkjanna um að veita, fella niður tímabundið eða afturkalla flugrekstrarleyfi

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu (endurútgefin) ⁽¹⁾, birt ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita, fella niður tímabundið eða afturkalla flugrekstrarleyfi sem teknar voru frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019. Nánari upplýsingar um þessar ákvarðanir er að finna í [Stjtíð. ESB C 124, 17.4.2020, bls. 5](#).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 293, 31.10. 2008, bls. 3.

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar
frá 30. janúar 2020

2020/EES/28/06

um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið
(mál AT.40433 – Film merchandise)

Hinn 30. janúar 2020 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur skv.101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽¹⁾, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar ([Stjtið. ESB C 133, 24.4.2020, bls. 12](#)), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 1, 4.1. 2003, bls. 1. Reglugerðinni hefur verið breytt með reglugerð (EB) nr. 411/2004 ([Stjtið. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 1](#)).

Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)

(Birt skv. 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) ⁽¹⁾

Eftirfarandi ákvarðanir hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*:

Efni	Tilvísun ákvörðunar	Dagsetning ákvörðunar	Markaðsleyfisnúmer	Nánari upplýsingar
Kalíumdíkrómat EB nr. 231-906-6 CAS nr. 7778-50-9	C(2020) 2085	14. apríl 2020	REACH/20/2/0 REACH/20/2/1	Stjttð. ESB C 130, 21.4.2020, bls. 3
Natríumdíkrómat EB nr. 234-190-3 CAS nr. 10588-01-9, 7789-12-0	C(2020) 2088	14. apríl 2020	REACH/20/4/0 REACH/20/4/1 REACH/20/4/2	Stjttð. ESB C 130, 21.4.2020, bls. 4
Natríumdíkrómat EB nr. 234-190-3 CAS nr. 10588-01-9	C(2020) 2084	14. apríl 2020	REACH/20/5/0 REACH/20/5/1 REACH/20/5/2 REACH/20/5/3 REACH/20/5/4 REACH/20/5/5 REACH/20/5/6 REACH/20/5/7 REACH/20/5/8	Stjttð. ESB C 130, 21.4.2020, bls. 5
Kalíumhýdroxyóktó-dísínkatdíkrómat EB nr. 234-329-8 CAS nr. 11103-86-9	C(2020) 2089	15. apríl 2020	REACH/20/6/0 REACH/20/6/1 REACH/20/6/2 REACH/20/6/3 REACH/20/6/4 REACH/20/6/5 REACH/20/6/6 REACH/20/6/7 REACH/20/6/8 REACH/20/6/9	Stjttð. ESB C 131, 22.4.2020, bls. 12
Díkrómtris(krómat) EB nr. 246-356-2 CAS nr. 24613-89-6	C(2020) 2090	15. apríl 2020	REACH/20/1/0 REACH/20/1/1 REACH/20/1/2 REACH/20/1/3	Stjttð. ESB C 131, 22.4.2020, bls. 14
Krómtríoxíð EB nr. 215-607-8 CAS nr. 1333-82-0	C(2020) 1655	19. mars 2020 (2)	REACH/20/8/0	Stjttð. ESB C 131, 22.4.2020, bls. 16

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Þessi útgáfa er uppfærsla á samantektinni sem birtist í [Stjttð. ESB C 99, 26. mars 2020](#).

Strontínkrómat EB nr. 232-142-6 CAS nr. 7789-06-2	C(2020) 2076	16. apríl 2020	REACH/20/7/0 REACH/20/7/1 REACH/20/7/2 REACH/20/7/3 REACH/20/7/4 REACH/20/7/5 REACH/20/7/6 REACH/20/7/7 REACH/20/7/8 REACH/20/7/9 REACH/20/7/10 REACH/20/7/11 REACH/20/7/12 REACH/20/7/13 REACH/20/7/14 REACH/20/7/15 REACH/20/7/16 REACH/20/7/17 REACH/20/7/18 REACH/20/7/19	Stjtíð. ESB C 132, 23.4.2020, bls. 5
---	--------------	----------------	--	--

Ákvarðanirnar er að finna á vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: http://ec.europa.eu/growth/sectors/chemicals/reach/about/index_en.htm

Tilkynning skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – 2020/EES/28/08
Heimild til að viðhalda ákvæðum í landsrétti sem ganga lengra en ákvæði samræmingarráðstöfunar ESB

Framkvæmdastjórninni barst 30. janúar 2020 bréf frá konungsríkinu Danmörku, dags. 27. janúar 2020, þar sem tilkynnt var um þá ósk Danmerkur, að viðhalda innlendum ákvæðum þar sem ákvarðað er lægra leyfilegt hámark kadmíuminnihalds í áburði, en samkvæmt samræmdum hámarksgildum skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 ⁽¹⁾. Með innlenda ákvæðinu (reglugerð nr. 223 frá 5. apríl 1989 um kadmíuminnihald í áburði sem inniheldur fosfór; *Bekendtgørelse om indhold af cadmium i fosforholdig gødning*, hér eftir „innlenda ráðstöfunin“) er hámark fosfórpentoxíðs ákvarðað 48 mg/kg fyrir áburð sem inniheldur fósfor sem fengið er úr málmfosfati og heildarinnihald fósfórs er 1% eða meira (eftir þyngd). Víkur þetta frá viðmiðunargildi kadmíums sem mengandi efnis í ólífrænum áburði með meginræringarefnum sem vísað er til í I. viðauka, II. hluta, vöruvirkniflokkur 1(C)(I): ólífrænn áburður. Sjá nánar, *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 124, 17.4.2020, bls. 19.

Framkvæmdastjórnin mun fara með tilkynningu danskra stjórnvalda í samræmi við 4. og 6. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Skv. 4. mgr. 114. gr. skal aðildarríki, ef það, í kjölfar samþykktar á samræmingarráðstöfun, álitur óhjákvæmilegt að viðhalda strangari innlendum ákvæðum, og það leiðir af grundvallarþörfunum sem vísað er til í 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða varðar umhverfisvernd, eða aðbúnað á vinnustað, tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði og tilgreina ástæðurnar fyrir því að viðhalda þeim.

Eftir að danska ákvæðið hefur verið tilkynnt hefur framkvæmdastjórnin sex mánuði til að samþykkja eða hafna ráðstöfuninni. Á þeim tíma mun framkvæmdastjórnin sannreyna hvort viðkomandi ákvæði í dönskum rétti geti talist ráðstöfun sem þegar var til staðar þegar samræmingarráðstafanir voru gerðar og hvort hún víki frá samræmingarreglunum. Ef svo er mun framkvæmdastjórnin athuga hvort réttlætlanlegt sé að viðhalda henni með vísan til áriðandi aðstæðna, sem um getur í 36. gr., eða hvort hún tengist umhverfisvernd, og að ekki sé um að ræða handahófskennda mismunun eða leyndar viðskiptahindranir og að hún leiði ekki til óþarfra og óhóflegra hindrana á starfsemi innri markaðarins.

Allir þeir sem hyggjast gera athugasemdir við þessa tilkynningu verða að senda þær framkvæmdastjórninni innan 30 daga frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (C 124, 17.4.2020, bls. 19). Framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til þess að upplýsa aðildarríkið sem tilkynnt hefur ráðstöfun um slíkar athugasemdir. Athugasemdir, sem berast eftir að fresturinn er liðinn, verða ekki teknar til greina.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 (*Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1*).